

**Stjórn byggðasamlags UTU - 106. fundur
haldinn á Laugarvatni, miðvikudaginn 13. mars 2024
og hófst hann kl. 10:45**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Samþykktir UTU

Lagðar fram til umræðu uppfærðar samþykktir UTU þar sem búið er að bæta við seyruverkefni sveitarfélaganna inni í samþykktirnar í samræmi við samstarfssamning seyruverkefnisins sem verkefnið var áður undir að öðru leiti er um minniháttar breytingar að ræða á samþykktunum.

*Stjórn UTU samþykkir að vísa uppfærðum samþykktum byggðasamlagsins til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.
Samþykkt*

2. Skipurit UTU

Lagt fram skipurit UTU sem er frá 2022. Breyta þarf skipuriti í ljósi breytinga á rekstri UTU sem varð um áramótin þegar seyruverkefnið kom inn.

Formanni og skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum með tilliti til seyruverkefnisins og þeirrar greiningarvinnu sem gerð hefur verið.

Samþykkt

3. Hverabraut 6

Nýtt leiguhúsnæði að Hverabraut 6 er 329,8 fm² og þarf UTU 10 vinnustöðvar miða við starfsemi skrifstofu embættisins í dag ásamt rými fyrir skjöl.

Stjórn telur mikilvægt að ná sem bestri nýtingu á nýju leiguhúsnæði og að hluti hússins verði leigður út. Nokkrir hafa sýnt því áhuga á að leigja út vinnurými og er skrifstofustjóra falið að leigja út þau rými sem hægt er til að hámarka nýtingu hússins og til hagræðingar á rekstri embættisins.

Samþykkt

4. Seyrustaðir

Lagt fram minnisblað frá Hrunamannahrepp vegna tækja og búnaðar á Seyrustöðum í eigu hreppsins. Áætlað nývirði er 2,5 millj. samkvæmt minnisblaðinu og er verkefninu boðið að kaupa búnaðinn á hálfvirði.

Einnig lagður fram listi með yfirlit yfir þau tæki og verkfæri sem vantar á Seyrustaðir og áður var skaffað af Hrunamannahrepp.

Stjórn telur nauðsynlegt að kaupa búnaðinn og samþykkir að umræddur tækjabúnaður verði keyptur og því verði mætt með tilfærslu innan gildandi fjárhagsáætlun fyrir 2024, fjárfesting hækkuð um 10 millj. kr. mætt með lækkun á ákveðnum liðum í rekstri.

Samþykkt

5. Bifreiðar seyruverkefnisins

Samþykkt að bifreiðar seyruverkefnisins verði skráðar á UTU en raunverulegur eignarhlutur sveitarfélaganna er í samræmi við innkaup bifreiðanna og var fært inni í bókhald aðildarsveitarfélaganna á sínum tíma.

Samþykkt

6. Móttaka á seyru

Lögð fram beiðni frá Hveragerðisbæ um móttöku á seyru. Áætlað magn er um 150 tonn af seyru sem búið er að hreinsa og kalka, er seyran því tilbúin til dreifingar.

Fyrirliggjandi beiðni samþykkt. Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við starfsmann seyruverkefnisins, dreifingaraðila og Hveragerðisbæ.

Samþykkt

7. Rotþróarhreinsun 2024

Farið yfir áætluð rotþróarhreinsunarsvæði fyrir árið 2024 og að sendar verði tilkynningar í fjöldapósti til fasteignaeigenda á áætluð hreinsunarsvæði sem greiða rotþróargjöld í stað þess að senda sms til að tryggja að skilaboðin fari til þinglýstra eigenda hverju sinni. Hægt er að setja mun ýtarlegri upplýsingar/leiðbeiningar í tölvupósti en með því að senda sms. Kostnaður ætti að verða nokkuð svipaður með breyttu formi á tilkynningum.

Samþykkt að hreinsun fari fram með samskonar hætti og í fyrra í samstarfi við Hreinsitækni og Verkval. Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram og að vinna að því að manna þær stöður sem þarf fyrir komandi tímabil. Jafnframt samþykkt að unnið verði að útfærslu í samstarfi við HMS með að senda út fjöldapóst til þeirra fasteignaeigenda sem við á hverju sinni. Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt

8. Önnur mál

Rætt um landgræðslugirðinguna sem dreift hefur verið á í gegnum árin og mikilvægi þess að það sé tryggt dreifingarsvæði nokkur ár fram í tímann hverju sinni.

Tillaga um að skipulags- og byggingarsvið embættisins verði lokað 15. júlí–12. ágúst sem er samskonar lokun og var í fyrra.

Samþykkt að setja aftur upp aðgangshlið við Seyrustaði sem áður var.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:20

—

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson